

vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er ákveðst kr. 2600.00, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar þeim fjárhæðum.

Í dóminum áttu sæti Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Faxaborg h/f, greiði stefnanda, Vesturnesi h/f, kr. 20.498.48 með 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 157/1954. Þórhallur Þorgeirsson

(Guðmundur Ásmundsson)

gegn

Dánarbúi Magnúsar Kjartanssonar og
Sveini Magnússyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurgreiðsla ofgreidds viðgerðarkostnaðar á bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1954. Málsaðilinn Magnús Kjartansson hefur látizt, meðan á áfrýjun málsins stóð, en dánarbúi hans komið í hans stað.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 7299.51 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 974.14 frá 9. október 1952 til 29. s. m., af kr. 5795.89 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 7299.51 frá síðastnefndum degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi keypti í september 1952 notaða fólksflutningabifreið, R 3127. Kom hann bifreiðinni til málningar og viðgerðar á verkstæði stefndu í Hafnarfirði. Var þar unnið að framkvæmd verks þessa á tímabilinu 15. september til 4. október 1952 og aftur 27. og 28. október sama ár. Hinn 9. október 1952 greiddi áfrýjandi stefndu í reikning sinn vegna verksins kr. 5000.00. Þegar hann tók við bifreiðinni hinn 29. október 1952, var honum afhentur heildarreikningur um viðgerð og málningu, að fjárhæð kr. 9821.75, þar af kr. 1268.18 fyrir efni og kr. 8553.57 fyrir vinnu. Greiddi áfrýjandi stefndu þá eftirstöðvar reikningsins, kr. 4821.75, en gerði jafnframt þann fyrirvara, að farið yrði yfir alla vinnu-lista aftur og kostnaðarreikningurinn leiðréttur, ef skekkja fyndist. Hefur stefndi Sveinn kannast við, að áfrýjandi hafi slegið þenna varnagla, er hann galt eftirstöðvarnar.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa fengið sundurliðun á viðgerðarkostnaðinum frá stefndu fyrr en seint í febrúar 1953 þrátt fyrir eftirgangsmuni, en af hálfu stefndu er því haldið fram, að áfrýjanda hafi verið afhentir sundurliðaðir reikningar í janúar nefnt ár. Kveðst áfrýjandi hafa komið að raun um við athugun á reikningum þessum og vinnulýsingum, að sumt af þeirri vinnu, sem þar er talin, hafi ekki verið unnin, og að vinnan við aðra liði væri talin svo mikil, að fjarri væri öllum sanni.

Samkvæmt beiðni áfrýjanda voru hinn 5. marz 1953 dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að meta hæfilegt gjald fyrir vinnu þá, sem stefndu létu í té, með tilliti til þeirra galla, sem kynnu að finnast á verkinu. Matsmenn tilkynntu stefndu með símskeyti hinn 6. marz s. á., að þeir mundu hefja matsstörfin á verkstæði h/f Ræsis í Reykjavík hinn 7. marz 1953, kl. 13.30. Barst stefndu skeytið síðdegis hinn 6. marz, en ekki mættu þeir né létu mæta við matið.

Samkvæmt matsgerð, dags. 14. marz 1953, komust matsmennirnir að þessari niðurstöðu:

Þeir telja hæfilegt gjald fyrir vinnu þá, er
stefndu framkvæmdu kr. 4299.30

Frá þessari fjárhæð, telja þeir, að beri að draga:

- | | | |
|---|------------|-----------|
| a. Vinnukostnað við að rétta
dældir á hurðum | kr. 881.62 | |
| b. Kostnað vegna endurbóta á
verkinu | — 660.00 | — 1541.62 |
-

Mismunur, sem matsmenn telja, að stefndu beri
fyrir vinnu kr. 2757.68

Áfrýjandi hefur lagt niðurstöðu framangreindrar mats-
gerðar til grundvallar, og er kröfugerð hans á þessa leið:

1. Frá heildargreiðslunni til stefndu, kr.
9821.75, hefur hann dregið áðurgreinda
fjárhæð samkvæmt matsgerðinni, kr.
2757.68, og greiðslu fyrir efni samkvæmt
reikningi stefndu, kr. 1268.18, en þann lið
reikningsins vefengir hann ekki. Kemur þá
fram fjárhæð sú, sem hann krefst endur-
greiðslu á..... kr. 5795.89
 2. Áfrýjandi telur, að bæta verði úr göllum á
verkinu og að hann muni af þeim sökum
missa afnot bifreiðarinnar í 11 daga. Krefst
hann bóta fyrir þann afnotamissi, kr. 55.00
á dag, þ. e. alls — 605.00
 3. Loks gerir áfrýjandi kröfu til að fá mats-
kostnað — 898.62
-

Kemur þá fram stefnukrafan kr. 7299.51

Stefndu telja, að áfrýjandi eigi ekki rétt til endurgreiðslu
þegar af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki hreyft neinum at-
hugasemdum, frá því að hann tók við bifreiðinni 29. október
1952 og fram í marz 1953. Eins og fyrr greinir, gerði áfrýj-
andi fyrirvara um endurgreiðslu, þegar hann galt eftirstöðv-
arnar, kr. 4821.75, hinn 29. október 1952, og ekki verður talið,
að hann hafi látið dragast úr hófi fram að krefjast endur-
greiðslu, eftir að hann fékk í hendur sundurliðaða reikninga
frá stefndu. Þykir hann því ekki hafa með tómlæti firrt sig
rétti til að krefjast endurgreiðslu á nefndri fjárhæð, kr.

4821.75, eða hluta hennar, ef efni standa til þess að öðru leyti.

Þá hafa stefndu talið matsgerðina ógilda, með því að þeim hafi ekki verið gefinn kostur á með nægum fyrirvara að gæta réttar síns við hana. Eins og fyrr greinir, fengu stefndu vitneskju um það síðdegis á föstudag 6. marz, að matsgerðin ætti að hefjast kl. 13.30 næsta dag. Var þeim því innan handar að mæta við matsgerðina eða koma boðum til matsmanna um að fresta gerðinni, ef forföll meinuðu þeim að koma á matsstað, en í máli þessu hafa þeir ekki greint nein slík forföll. Auk þess gátu þeir komið að athugasemdum, áður en matsgerð lauk. Verður þessari mótbáru því ekki heldur sinnt. Og þar sem ekki verður séð, að framkvæmd matsgerðarinnar hafi að öðru leyti verið gölluð, og stefndu hafa ekki látið fram fara yfirmat, ber að hafa hliðsjón af matsgerðinni við úrlausn máls þessa.

Verða þá hinir einstöku kröfuliðir áfrýjanda teknir til athugunar.

Um 1. kröfulið.

Eins og áður greinir, hafa stefndu reiknað sér fyrir vinnu við viðgerð og málningu bifreiðarinnar kr. 8553.57. Matsmennirnir meta hins vegar heildarvinnulaunin kr. 4299.30. Frá þeirri fjárhæð hafa þeir svo í fyrsta lagi dregið kr. 881.62, áætlaðan kostnað af viðgerð á hurðum bifreiðarinnar, sem þeir telja hafa dældzt í meðförum stefndu á verkstæðinu. Matsmennirnir fullyrða, að málningin á bifreiðinni sýni, að dældir þessar hafi ekki orðið til, eftir að bifreiðin fór af verkstæði stefndu, og ber að leggja það til grundvallar. Eitt vitni hefur borið, að dældirnar hafi ekki verið á hurðunum, þegar áfrýjandi keypti bifreiðina í september 1952. Þrátt fyrir þetta þykir varhugavert að telja sannað gegn ákveðnum mótmælum stefndu, að þeir eða starfsmenn þeirra eigi sök á þessum göllum, og kemur umræddur matsliður því ekki til frádráttar. Í öðru lagi hafa matsmenn dregið frá áætlaðan kostnað, kr. 660.00, við að endurmála bifreiðina eða hluta hennar, vegna þess að stefndu létu hjá líða að framkvæma tilteknar viðgerðir, sem lýst er í matsgerðinni, en fram hefðu átt að fara, áður en málað var, þar á meðal að rétta fyrr-

nefndar dældir á hurðum bifreiðarinnar. Ber að leggja álit matsmannanna til grundvallar um þetta, og lækkar þá framangreind matsfjárhæð úr kr. 4299.30 í kr. 3639.30. Í rekstri málsins hafa matsmennirnir lýst því, að sökum óska áfrýjanda um breytingar á verkinu, meðan það stóð yfir, megi bæta 11 vinnustundum við stundafjölda þann, sem þeir höfðu talið hæfilegan í matsgerðinni. Hækkar síðastgreind fjárhæð af þeim sökum um kr. 292.60 í kr. 3931.90. Þykir rétt að leggja matsgerðina þannig breytta til grundvallar um þenna kröfulið. Ber stefndu samkvæmt því að endurgreiða áfrýjanda kr. 8553.57 að frádregnum kr. 3931.90, þ. e. kr. 4621.67.

Um 2. kröfulið.

Með því að gallar voru á verki stefndu, sem bæta þurfti úr, á áfrýjandi rétt á bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, meðan það verk er framkvæmt, og þykir hæfilegt að dæma honum kr. 300.00 úr hendi stefndu af þessum sökum. Vaxta af þessum kröfulið hefur áfrýjandi krafizt frá 9. apríl 1953.

Um 3. kröfulið.

Tekið verður tillit til matskostnaðar þess, sem áfrýjandi gerir hér kröfu til, þegar ákvörðun er tekin um málskostnað, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að stefndu verður in solidum dæmt að greiða áfrýjanda kr. 4621.67 og kr. 300.00, þ. e. samtals kr. 4921.67, með 6% ársvöxtum af kr. 4621.67 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 4921.67 frá 9. apríl 1953 til greiðsludags. Svo ber stefndu og in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6500.00.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Magnúsar Kjartanssonar og Sveinn Magnússon, greiði in solidum áfrýjanda, Þórhalli Þorgeirssyni, kr. 4921.67 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4621.67 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 4921.67

frá 9. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 15. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 15. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem dómsformanni og meðdómendum Vilhjálmi Sveinssyni bifvélavirkjameistara og Sveini L. Bjarnasyni bifvélavirkjameistara uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 29. maí s.l.

Hinn reglulegi dómari tók samkvæmt 200. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936 tvo fagmenn til að dæma með sér í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. apríl 1953, af Þórhalli Þorgeirssyni bankaritarar, Grettisgötu 56, Reykjavík, gegn eigendum Málningarstofunnar, Lækjargötu 32, Hafnarfirði, þeim Magnúsi Kjartanssyni málarameistara, Öldugötu 13, og Sveini Magnússyni málarameistara, Lækjargötu 18, báðum hér í bæ, til að greiða in solidum fjárkröfu, að upphæð kr. 7299.51 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 974.14 frá 9. október 1952 til 29. október 1952, af kr. 5795.89 frá þeim degi til 9. apríl sama ár og af kr. 7299.51 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandinn fram varakröfu um endurgreiðslu lægri fjárhæðar eftir mati réttarins auk málskostnaðar, eins og áður.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandinn, Þórhallur Þorgeirsson, var eigandi bifreiðarinnar R 3127, sem er Buick-fólksflutningsbifreið. Kom stefnandinn bifreið þessari til viðgerðar hjá Málningarstofunni, Lækjargötu 32, sem er einkaeign stefndu, og fór viðgerð fram þar á tímabilinu 15. september til 4. október og enn fremur dagana 27. og 28. október 1952.

Kostnaður við viðgerð þessa varð samkvæmt ósundurliðuðum reikningi Málningarstofunnar kr. 9821.75, og greiddi stefnandinn af því kr. 5000.00 þann 9. október, en afganginn, kr. 4821.75, þann 29. október 1952. Segir stefnandinn, að sér hafi þótt reikningurinn iskyggilega hár og greiðslan því bundin því skilyrði, að lagður yrði fram við fyrstu hentugleika sundurliðaður reikningur um viðgerðarkostnaðinn og skyldi þá endurgreitt það, sem stefnandi kynni að reynast hafa ofgreitt. Stefndi Sveinn Magnússon viðurkennir að hafa lofað stefnandanum að fara yfir alla vinnulista aftur og leiðrétta kostnaðarreikninginn, ef einhver skekkja fyndist. Í janúar 1953 kveðst stefndi Sveinn hafa síðan afhent stefnandanum sundur-

liðun á allri vinnu og jafnframt verið búinn að yfirfara alla útreikninga og sannfæra sig um, að þeir væru réttir, og neitaði hann allri endurgreiðslu. Hins vegar telur stefnandinn sig ekki hafa fengið sundurliðunina á viðgerðarkostnaðinum fyrr en seint í febrúar, en við athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að hvorttveggja væri, að sumt af þeirri vinnu, sem talin er í sundurliðuninni, mundi ekki hafa verið unnin, og að vinna við aðra liði væri talin svo mikil, að fjarri væri öllum sanni.

Þar sem stefndi neitaði allri endurgreiðslu á viðgerðarkostnaðinum, lét stefnandi borgardómarann í Reykjavík dómkveðja tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að skoða umrædda bifreið og segja álit sitt á eftirtöldum atriðum:

1. Hvort unnin hafi verið af Málningarstofunni öll sú vinna við bifreiðina, sem talin er í sundurliðuninni.

2. Hver sé hæfilegur stundafjöldi við einstaka þætti þeirrar viðgerðar, sem matsmennirnir telja, að fram hafi farið í Málningarstofunni.

3. Hvert sé hæfilegt gjald fyrir þá vinnu, sem Málningarstofan hefur látið í té, m. a. með tilliti til þeirra galla, sem kynnu að finnast á verkinu.

Til þess að framkvæma þetta mat voru dómkvaddir tveir fagmenn, þeir Eymundur A. Friðlaugsson verkstjóri og Hafsteinn Jónsson málari, báðir til heimilis í Reykjavík, og hófu þeir verk sitt 7. marz 1953, en luku við matsgerðina 14. sama mánaðar, og er hún dagsett þann dag.

Samkvæmt mati þessu er talið hæfilegt endurgjald fyrir vinnu við þá viðgerð, sem Málningarstofan lét í té, kr. 2757.68, reiknað á fagmannskaupi. Hins vegar telur stefnandinn ljóst á sundurliðun Málningarstofunnar, að nokkuð af viðgerðinni hafi verið unnið af svokölluðum gervimönnum, sem taki lægra kaup. Reikninga Málningarstofunnar fyrir efni til viðgerðarinnar, kr. 1231.24 auk 3% söluskatts, eða samtals kr. 1268.18, vefengir stefnandinn ekki.

Í matsgerðinni er talið, að bifreiðin þurfi þá viðgerðar við, bæði vegna þess að hún hafi verið skemmd í viðgerðinni hjá Málningarstofunni og einnig hafi Málningarstofan ekki framkvæmt ýmsar aðgerðir, sem sjálfsagt hefði verið að ljúka, áður en bifreiðin var sprautuð. Telur stefnandinn eftir áætlun fagmanna, að bifreiðin muni þurfa að vera á verkstæði 11 daga af þeim sökum.

Stefnukröfu sína sundurliðar stefnandinn á þessa leið:

1. Mismunur á greiddum viðgerðarkostnaði, kr. 9821.75,
og því, sem stefndi telur sig geta sætt sig við, kr.
2757.68 + kr. 1268.18, eða samtals kr. 4025.86 kr. 5795.89
2. Afnotamissir bifreiðarinnar í 11 daga á kr. 55/00. — 605.00
3. Matskostnaður — 898.62

Samtals kr. 7299.51

Stefnandinn heldur fram, að hann eigi rétt á endurgreiðslu úr hendi stefndu vegna þess, að hinn ósundurliðaði kostnaðarreikningur Málningarstofunnar hafi verið greiddur á röngum forsendum.

Í fyrsta lagi vegna þess, að hann hafi áskilið sér slíkan rétt við framkvæmdastjóra Málningarstofunnar, stefnda Svein Magnússon, um leið og viðgerðarreikningurinn var greiddur. Í öðru lagi vegna þess, að telja verði sannað, að hann hafi verið beittur svikum í sambandi við kröfu Málningarstofunnar um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum.

Rökstuðning fyrir kröfum sínum reisir stefnandinn aðallega á matsgerð þeirra Hafsteins Jónssonar og Eymundar A. Friðlaugssonar, sem framlögð er í málinu.

Af hálfu stefndu er mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt algjörrar sýknu, og er það stutt ýmsum rökum, sem nánar skal rakið.

Ástæðan til þess, að viðgerðin hafi orðið svo kostnaðarsöm, segja stefndu sé sú, að bifreiðin hafi verið máluð að nokkru leyti oft, því að eftir að búið var að fullvinna málningu á sumum hlutum bifreiðarinnar, hafi stefnandinn látið skipta um lit nokkrum sinnum. Það er viðurkennt, að kostnaður við að sprauta fimm manna bifreið sé um það bil 3—4 þús. kr., ef ekkert sé gert frekara, og kveðst stefndi Sveinn Magnússon hafa sagt Þórhalli það, áður en verkið fór fram, en hann hafi ekki verið búinn að líta á umrædda bifreið þá.

Hins vegar neitar Sveinn að hafa nefnt þessa upphæð sem heildarviðgerðarkostnað á umræddri bifreið, enda hefði verkið við hana orðið margfalt meira, eins og sundurliðun viðgerðarreikninga, sem lagðir eru fram í málinu, sýni, en þar sé gerð fullkomin grein fyrir öllum viðgerðarkostnaðarliðum.

Þá er fyrrgreindri matsgerð mótmælt af hálfu stefndu, þar sem hún sé bæði mjög ófullkomin og í verulegum atriðum beinlínis röng og fái ekki staðizt vegna galla á formi og efni.

Til frekara rökstuðnings þessu er bent á, að símskeyti matsmanna um, að gerðin skuli fram fara 7. marz kl. 13.30, hafi eigi borizt stefndu fyrr en að kvöldi þess 6. s. m. og þeir þá ekki getað látið mæta fyrir sig með svo stuttum fyrirvara, og afleiðing þessa virðist, að matsmenn hefðu fengið alrangar upplýsingar um það verk, sem þeir voru kvaddir til að meta.

Þá er því haldið fram, að ekkert sé að marka, sem segir í matsgerðinni um skemmdir, viðgerð eða útlit bifreiðarinnar, er hún kom af Málningarstofunni, því að bifreiðin hafi verið búin að vera í notkun í tæpa sex mánuði, er matið fór fram, og verið geymd úti allan tímann.

Þá hafa sex af þeim mönnum, sem unnu að viðgerð bifreiðarinnar hjá Málningarstofunni á sínum tíma, verið leiddir sem vitni í máli þessu og framburður þeirra eiðfestur eða tekinn sem eiðfestur væri.

Höfðu þeir allir unnið meira og minna að þessu verki, og er framburður þeirra í samræmi við það, sem stefndu hafa haldið fram í málinu og framlagða sundurliðun viðgerðarkostnaðarins og vinnureikninga.

Það er jafnframt upplýst með framburði vitnanna, að stefnandinn hafi verið tíður gestur á Málningarstofunni, meðan unnið var þar við bifreiðina, og hafi fylgzt með því verki og lagt áherzlu á, að það yrði vel af hendi leyst.

Dómurinn verður að fallast á, að matsgerð þeirra Hafsteins Jónssonar og Eymundar A. Friðlaugssonar verði eigi notuð sem sönnunargagn í þessu máli gegn stefndu, fyrst og fremst vegna þess formgalla, að þeim hefur eigi verið gefinn kostur á með nægum fyrirvara að mæta þar og gæta hagsmuna sinna og ekki verið bætt úr þeim ágalla, þó að sérstakt tilefni væri gefið til þess af hálfu stefndu, áður en matsgerðinni var lokið. Auk þess fær matsgerðin ekki staðigt í verulegum atriðum.

Verður því ekki tekið tillit til matsgerðar þessarar í málinu. Á hinn bóginn má telja tilgangslítið að láta nú fram fara nýtt mat eða yfirmat, þegar svo langt er um liðið, frá því að bifreiðin kom frá Málningarstofunni.

Á það má fallast, sem stefnandinn heldur fram, að viðgerðarkostnaðurinn á umræddri bifreið hefur verið mikill, en fyrir því hefur verið gerð fullnægjandi grein af hálfu stefndu.

Enda þótt stefnandinn virðist hafa fylgzt með verkinu, meðan á því stóð, og þannig haft aðstöðu til að gera sér grein fyrir, hvernig það var af hendi leyst, greiddi hann samt strax að því loknu upp í kostnaðinn, án þess að gera sínar athugasemdir fyrr en mörgum mánuðum síðar.

Rétt þykir að benda á, að óþarflega margir menn hafa verið settir til að vinna við sumt af viðgerðinni, og hefur það eðlilega orðið til að gera verkið dýrara en ella, en það virðist hafa verið gert eftir ósk stefnanda til að flýta verkinu, enda hefur hann ekki gert neinar athugasemdir í þessa átt, hvorki meðan viðgerðin fór fram né í þessu máli.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn, að stefnandinn hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn fyrir kröfu sinni og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnandans í þessu máli, bæði aðalkröfu og varakröfu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að gera stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Magnús Kjartansson og Sveinn Magnússon vegna Málningarstofunnar, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Þórhalls Þorgeirssonar, í þessu máli.

Stefnandinn greiði stefndu málskostnað með kr. 1000.00 innan

fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 29/1955. Ástríður Guðjónsdóttir

og

Margrét Helgadóttir (Magnús Thorlacius)

gegn

Ingólfi Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjun um brottám girðingar með fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar s. á. Krefjast þær þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerðina. Svo krefjast þær og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ástríður Guðjónsdóttir og Margrét Helgadóttir, greiði stefnda, Ingólfi Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.